

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. apríl 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-98/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna dráttar sem hefur orðið á afhendingu einstakra hluta í eldhúsinnréttingu, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst upplýsinga um það hvenær hún geti átt von á því að seljandi afhenti henni þá hluta innréttingarinnar sem hún hafi enn ekki fengið afhenta. Þá krefst álitsbeiðandi afsláttar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 8. desember. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 10. apríl, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 14. september sl. keypti álitsbeiðandi eldhúsinnréttingu af seljanda fyrir kr. 393.210. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi komið fram að seljandi ætti ekki alla hluti innréttingarinnar á lager, þeir væru hins vegar væntanlegir innan fjögurra vikna. Að fjórum vikum liðnum hafði álitsbeiðandi ítrekað samband við seljanda og óskaði eftir upplýsingum um umrædda hluti, en fékk engin svör. Eru hlutirnir sem álitsbeiðandi hefur enn ekki fengið afhenta annarsvegar 7 skúffuframhliðar á eldhúsinnréttinguna og hins vegar 2 hlífðareiningar, einnig framan á innréttinguna. Krefst álitsbeiðandi upplýsinga um það hvenær hún muni fá umræddar einingar innréttingarinnar afhentar, en einnig krefst álitsbeiðandi afsláttar vegna þess hve lengi hún hafi þurft að bíða eftir einingunum.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af verðáætlun vegna kaupa á eldhúsinnréttingunni, dags. 14. september 2014 að fjárhæð kr. 451.760. Þá fylgir einnig sölunóta, dags. s.d., að fjárhæð kr. 387.900, sem og kassakvittun, dags. s.d. að fjárhæð kr. 393.210.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi eldhúsinnréttingu af seljanda hinn 14. september 2014 fyrir kr. 393.210. Telur álitsbeiðandi að seljandi hafi ekki afhent henni nánar tilgreindar einingar innréttingarinnar sem hún keypti, þ.e. 7 framhliðar á skúffur og 2

hlífðareiningar, einnig framan á innréttinguna. Krefst álitsbeiðandi upplýsinga um hvenær hún megi eiga von á að fá umræddar einingar afhentar, en eins krefst hún afsláttar.

Eins og rakið er í málavaxtalýsingu álitsbeiðanda fylgdi álitsbeiðni afrit af verðáætlun vegna kaupa á innréttingunni, ásamt sölunótu og kassakvittun. Eru öll gögnin dags. hinn 14. september sl. Þær stöku einingar sem álitsbeiðandi telur vanta í innréttinguna koma fram á svonefndri verðáætlun. Hins vegar er hvorki hægt að finna nöfn né vörunúmer eininganna á sölunótu né kassakvittun. Verður því ekki ráðið af gögnum málsins að álitsbeiðandi hafi enn sem komið er fest kaup á þeim 9 einingum sem hún telur að vanti í eldhúsinnréttinguna. Ekki liggur fyrir hverju þetta sætir. Þegar af þessum sökum ber að hafna kröfum álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir